DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

SVANSMERKIÐ Prentgripur 1041 0858

Nr. 2568 Síðan 1968 52. árgangur

Miðvikudagur 14. október 2020

dfs@dfs.is – vefútgáfa: dfs.is
Sími 482 1944 · Eyravegi 25 · 800 Selfoss

Sýnataka 600 einstaklinga gekk vonum framar

Um 600 manns komu í sýnatöku fimmtudaginn 8. október vegna Covid-19-smita í Sunnulækjarskóla á Selfossi. Heilbrigðisstofnun Suðurlands sá um skimunina, en vegna fjölda sýna lagði Sveitarfélagið Árborg fram aðstöðu í íþróttahúsi Sunnulækjarskóla fyrir skimunina. Lögreglan á Suðurlandi sá um að stýra umferð og sjá til þess að allt gengi smurt. Úr herbúðum HSU kemur fram að sýnatakan hafi gengið vonum framar. Starfsfólki hafi tekist að halda vel utan um skipulagninguna og allt hafi gengið samkvæmt áætlun. Enginn reyndist smitaður af þeim 600 sem fóru í prófið.

Mýrdalshreppur hlýtur jafnlaunavottun

Mýrdalshreppur og hjúkrunarheimilið Hjalltún hafa hlotið jafnlaunavottun frá vottunarstofunni Versa, vottunin er staðfesting þess að jafnlaunakerfi Mýrdalshrepps og Hjalltúns samræmast kröfum jafnlaunastaðalsins, ÍST85:2012. Í samtali við Þorbjörgu Gísladóttur, sveitarstjóra Mýrdalshrepps segir hún: „Tilgangur jafnlaunavottunar er að vinna gegn kynbundnum launamun og stefna að auknu launajafnrétti kynjanna. Með þessu er stigið skref til að auka almenna starfsánægju á meðal starfsmanna með gagnsærra og réttlátara launakerfi. Ekki eru nema 16 sveitarfélög búin að fá þessa vottun en stjórnendur Mýrdalshrepps töldu mikilvægt að klára þessi mál sem allra fyrst. Mýrdalshreppur hefur skýra stefnu í jafnréttismálum og er jafnlaunavottunin mikilvægur áfangi á þeirri leið.“

Áform um framleiðslu á 20 þús. tonnum af laxi á ári

Sveitarfélagið Ölfus og Fiskeldi Ölfuss hafa undirritað samkomulag um fýsileikakönnun og uppbyggingu áframeldisstöðvar á laxi og vilyrði fyrir lóð. Með samkomulaginu hefur Fiskeldi Ölfuss undirbúning að rekstri landeldisstöðvar sem á að geta framleitt um 20.000 tonn af fullöldum eldislaxi á ári á 200.000 fermetra lóð á svæði í námunda við Þorlákshöfn. Áætluð árleg útflutningsverðmæti gæti legið nærri 22 milljörðum og samhliða verða til ný störf og ný tækifæri.

„Komandi kreppa og versnandi staða hagkerfis okkar leggur ríka ábyrgð á okkur hjá hinu opinbera í því er lýtur að nýrri verðmætasköpun. Eins og bent hefur verið á þá verðum við að framleiða okkur út úr kreppunni og þetta verkefni er sannarlega skref í þá átt,“ segir Elliði Vignisson, bæjarstjóri Ölfuss.

Hann segir að sveitarfélagið hafi nú í nokkur misseri unnið markvisst að því að marka sér sérstöðu hvað varðar umhverfisvæna framleiðslu á matvælum. „Til að byggja undir þá sókn höfum við komið á fót samstarfsvettvangi undir nafninu „Ölfus Cluster“ þar sem fyrirtæki vinna meðal annars saman að kortlagningu tækifæra, grænum lausnum og tilurð hringrásar hagkerfis. Áherslur Fiskeldis Ölfuss falla afar vel að okkar framtíðarsýn og við fögnum því að fá þá til liðs við okkur,“ segir hann.

„Það er líka afar jákvætt fyrir okkur að finna að áherslur okkar í skipulagsmálum hafa gert það að verkum að við getum boðið upp á allar stærðir lóða á einstaklega hagkvæmu verði hér í úthverfi borgarinnar. Þá hefur gengið vel að bæta aðgengi að orku, vatni og fl. Við finnum einnig sterkt að vöxtur hafnarinnar styrkir svæðið verulega. Það er því sóknarhugur í samfélaginu hér.“

Sigurður Ingi Jónsson, verkefnastjóri hjá Fiskeldi Ölfuss segir fyrirtækið hafa metnað til þess að verða leiðandi í full-

eldi á laxi á landi og aðstæður við Þorlákshöfn séu einstakar á heimsvísu. „Ölfus er að okkar mati eitt helsta vaxtarsvæði á landinu með skýra sýn á innviðauppbyggingu svo sem hvað varðar stækkun hafnarinnar og áherslu þeirra á mavælaframleiðslu. Þá er til fyrirmyndar sá skilningur sem þar er hvað varðar hagsmuni fyrirtækja eins og okkar. Við horfum til dæmis sterkt til samvinnu innan Ölfus Cluster og teljum allar forsendur til þátttöku í þeim sóknarhug sem við finnum í Ölfusi.“

Sveitarfélagið ÁRBORG

MENNINGAR-MÁNUÐURINN OKTÓBER 2020

Fjölbreyttir viðburðir fyrir alla aldurshópa

Tónleikar, sýningar, sögukvöld, menningargöngur, listasmiðjur og margt, margt fleira.

Nánar um dagskrá menningarmánaðarins í viðburðadagatali sveitarfélagsins.

www.arborg.is/vidburdalisti

ÍSLENSKT

LÁTTU ÞAÐ GANGA

Gatnagerð og framkvæmdir á Hvolsvelli

Það er alltaf eitthvað um að vera í framkvæmdum í þéttbýlinu Hvolsvelli. Við Ormsvöll rís nú nýtt iðnaðarhúsnæði en það er Naglverk ehf. sem þar byggir. Byggingin gengur vel og það er komin góð mynd á útlit húsnæðisins.

Gatnagerð fyrir norðan Hvolsvöll er einnig í fullum gangi en Gröfuþjónusta Hvolsvallar og Smávélar vinna þar að gatnagerð fyrir nýtt hverfi. Um miðjan september tók Sigurður Jónsson þessar skemmtilegu drónamyndir yfir svæðið.

Guðrún Björk Benediktsdóttir, garðyrkjustjóri Rangárþings eystra, kom og gróðursetti falleg haustblóm fyrir utan Ráðhúsið að Austurvegi 4. Það lífgar heilmikið upp á umhverfið að sjá litadýrð haustsins í nærumhverfinu.

Eyravegur 26, Selfossi

AUÐVELD FYRSTU KAUP

Snyrtilegar stúdíóíbúðir á stærðarbilinu 32,5 m² til 42,3 m² ásamt geymslu í vel staðsettu fjölbýlishúsi á Selfossi. Íbúðirnar afhendast fullbúnar með húsgögnum.

Nánari upplýsingar veita:
Árni Hilmar Birgisson, aðstoðarmaður fasteignasala í síma 856 2300, arni@log.is
Hallgrímur Óskarsson , löggiltur fasteignasali í síma 845 9900, halli@log.is
Sigurður Sigurðsson, löggiltur fasteignasali í síma 690 6166, sigurdur@log.is
Steindór Guðmundsson löggiltur fasteignasali í síma 862 1996, steindor@log.is

LÖGMENN SUÐURLANDI

Bleikur október í Rangárþingi eystra

Síðustu ár hefur skapast hefð fyrir því að októbermánuður hefur verið kallaður bleikur mánuður en bleiki liturinn er tilkominn vegna átaksins *Bleika slaufan*. Bleika slaufan er átaksverkefni Krabbameinsfélagsins tileinkað baráttunni gegn krabbameinum hjá konum.

Bleiki dagurinn er svo 16. október nk. en þá eru landsmenn hvattir til að klæðast bleiku, bera bleiku slaufuna og lýsa skammdegið upp í bleikum ljóma, sér til skemmtunar og til að sýna konum sem greinst hafa með krabbamein samstöðu.

Rangárþing eystra hvetur einstaklinga, stofnanir og fyrirtæki í sveitarfélaginu til að eiga skemmtilegan bleikan dag þann 16. október, ekki síst í ljósi þeirra aðstæðna sem við nú búum við.

Eins og venjulega er Seljalandsfoss lýstur upp í bleiku ljósi en sveitarfélagið lýsir einnig upp Ráðhúsið að Austurvegi 4.

Við erum til staðar til að leysa úr málum með þér

Þú getur alltaf haft samband við okkur í síma eða á netinu þótt við höfum takmarkað aðgengi að útibúum tímabundið. Ef þú þarft að heimsækja útibú eða Fyrirtækjamiðstöð getur þú pantað tíma á landsbankinn.is en við hvetjum viðskiptavini til að nýta sér rafræna þjónustu eins og hægt er. Þannig vinnum við saman að því að þú getir áfram gengið að allri þinni þjónustu þótt hún sé með breyttu sniði.

Bílar, bensín og góðar sögur

Við litum við í skúrinn hjá Ragnari S. Ragnarssyni á Selfossi til að spyrja út í tilurð bókarinnar *Mótorhausasögur* sem bókaútgáfan Sæmundur gefur út. Mótorhausasögur segja sannar og sannlognar sögur af fólki sem á það sammerkt að vera í, við eða í kringum bíla. Gamansögur af hrakföllum og undarlegum aðstæðum fólks í kringum allskonar bíla og dráttarvélar eru inntak bókarinnar. Þetta eru sögur fyrir fullorðna, sem gerast hérlendis sem erlendis. Í lokakafla bókarinnar eru vísur og leirburður sem tengjast bílum á einn eða annan hátt. Allt saman til þess eins að skemmta lesendum.

Ekki verið skammaður ennþá

Undan fagurrauðum Dodge Charger sem liggur makindalega í skúrnum koma fætur. Það er race-bensínlykt í loftinu. Hún er dálítið öðruvísi fyrir þá sem ekki þekkja og jafnvel meira ávanabindandi en hefðbundin. Það er verið að smella pústkerfinu aftur undir kaggann því síðasta keppnin í Íslandsmeistaramótinu í kvartmílu var blásin af vegna veirunnar, okkar manni til armæðu. Meðan hann liggur læt ég vaða í fyrstu spurninguna: Er ekki búið að skamma þig neitt fyrir þessar sögur? Það kemur hreyfing á fæturna og maðurinn rennir sér undan bílnum. „Nei, en vonandi gerist það bráðlega. Það er ekkert fútt í að gefa út bók sem leiðir ekki af sér skammir yfir höfundinn. Það eru til dæmis bæði karlrembu- og kvenrembusögur í bókinni sem geta aukið blóðþrýsting sumra verulega. Viðbrögðin til þessa hafa þó einungis verið jákvæð. Til dæmis sagðist einn kaupandinn ekki geta lesið bókina fyrir hlátri. Mér þótti vænt um þá umsögn í fyrstu, þar til ég áttaði mig á því að það væri óskynsamlegt að gefa út 296 blaðsíðna bók sem fólk gæti svo ekki lesið fyrir hlátri,“ segir Ragnar upp staðinn og brosandi.

Það er bara svo ólýsanlega gaman að keyra hratt

Þegar við förum að spjalla saman vottar fyrir norðlensku stolti þegar hann segist borinn og barnfæddur Akureyringur sem hefur búið á Selfossi frá 1992. Spurður út í áhugamálið liggur ekki á svörum. „Tómstundunum ver ég í að gera upp vélar og bíla og stunda kappakstur en svo dregur Inga, konan mín og félagsforingi skátafélagsins Fossbúa, mig í fjallgöngur þess á milli. Ég hef þrisvar orðið Íslandsmeistari í kvartmílu og er alltaf að reyna að hætta að keppa. Það er bara svo ólýsanlega gaman og spennandi að vera kominn á 190 kílómetra hraða eftir 400 metra akstur úr kyrrstöðu.“ Það er auðséð og heyrt að höfundur bókarinnar gengur sjálfur fyrir bensíni og er með ólæknandi bíladellu. Hann veðrast allur upp við að ræða um kappakstur, rymjandi átta gata tryllitæki og brennt gúmmí. Við gleymum okkur um stund í þessum hugleiðingum en færum okkur snögglega aftur að bókinni góðu.

Safnað sögum frá því hann man eftir sér

Ég spyr hvort sagnaarfur af þessari tegund sé gleymdur hluti sögunnar. „Almennt er hann ekki í gleymsku. Hitt er annað mál að ég veit ekki til að þessi hluti, íslenskum munnmælasögum sem gerast í kringum bifreiðar, hafi verið safnað saman í eitt rit. Þetta eru sögur sem ég hef heyrt úr munni góðs sagnafólks frá því ég man eftir mér. Ég ákvað að færa þær í letur áður en ég gleymi þeim sjálfur og í þeirri von að gleðja geð lesenda; ekki veitir nú af því í þessu vírushreti.“ Það er við hæfi að enda viðtalið á einni frásögn úr bókinni. Frásögn sem kitlaði að minnsta mínar hláturtaugar. Sagan er af bændasonum norðan úr Fnjóskadal, sem kunna öðrum fremur að bjarga sér. Þeir þurftu að bora lítið gat í mælaborðið á forláta Willys. Borvélin á sveitabænum var biluð. Þetta vafðist ekki lengi fyrir þeim og ákveðið var að skjóta gat í mælaborðið með riffli. Gatið fór á hárréttan stað en kúlan fór líka í gegnum hvalbakinn og endaði í vatnskassanum. Það þótti samt lítið mál að gera við vatnskassa á þessum bæ og málið taldist leyst! Við þökkum Ragnari fyrir hlýjar móttökur og góðar sögur.

-gpp

Sunnlenski matgæðingurinn

Matgæðingur vikunnar er **Jón Ófeigur Sverrisson.**

Takk fyrir áskorunina, Tóti minn. Jú, rétt er það að lítið hef ég staðið við eldavélina upp á síðkastið, mér hefur gengið mun betur við að sitja við diskinn og gæða mér á matnum eins og sönnum matgæðingi ber en ef í hart fer dreg ég nú fram pönnuna og elda til dæmis þetta hér:

Pönnusteikt bleikja með Hollandaise (fyrir tvo)

Hálft kíló af bleikjuflökum
    með roði
Nóg af ekta íslensku smjöri
    (engan Smjörva, takk)
Sítrónupipar
Hollandaise-sósa frá TORO
Rjómi
Mjólk
Íslenskar kartöflur

Salat

5 íslenskir tómatar
2 laukar
Gróft salt og svartur pipar
1 matskeið hvítvínsedik
Jómfrúarólívuolía

Byrjið á því að setja kartöflurnar upp og vindið ykkur því næst í að skera niður laukinn í tvennt og síðan í þunnar sneiðar, tómatarnir eru líka smátt skornir og settir í skál með lauknum, edikinu bætt út í ásamt dass af olíu, blandað saman og kryddað eftir smekk, látið standa þar til matur hefst. Næst er vænni klípu af smjeri skellt á pönnuna, flökin sett á þegar hún er orðin vel heit, lækkið svo fljótlega undir, kryddið eftir smekk og látið malla þar til fiskurinn er mátulega steiktur. Nú er líklega löngu farið að sjóða upp úr á kartöflunum og þá er að huga að sósunni, farið eftir eldunarleiðbeiningum aftan á pakkanum en takið út helminginn af mjólkinni í staðinn fyrir rjóma.

Ef menn ná ekki magafylli af þessu má bæta það upp með því að bera fram ábrystir með kanilsykri og rjóma í eftirrétt, en til þess þarf að verða sér út um broddmjólk og sjóða hana í vatnsbaði þar til hún verður hæfilega stíf.

Það uppgötvaðist að fjórði naglinn í Fjórum nöglum ehf. er nýlega búinn að deila með okkur upp úr sínum kokkabókum svo við náum því miður ekki fernu í þetta skiptið en í staðinn skora ég á Sigfús Davíðsson, húsvörð Grunnskólans á Hellu til að vera næsti matgæðingur. Ég hef aldrei borðað mat hjá Fúsa svo þetta verður mjög spennandi.

Ég skora á Sigfús Davíðsson, húsvörð Grunnskólans á Hellu til að vera næsti matgæðingur.

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

ÁRAMÓT 2020 - 2021

Stjórnendafélag Suðurlands auglýsir orlofshús félagsins laus til umsóknar áramótin 2020 - 2021. Hægt er að sækja um á heimasíðu félagsins, www.stjornandi.is.

Valmöguleikar eru:

Svignaskarð, hús nr. 32
Brekkuheiði 15 í Bláskógabyggð

Umsóknarfrestur er til 29. okt. 2020

STJÓRNENDAFÉLAG SUÐURLANDS

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

Útgefandi: Dagskráin, Eyravegi 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dagskrain@prentmet.is.
Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gpp@prentmetoddi.is.
Auglýsingar: Katla Harðardóttir, sími 482 1944, skh@prentmetoddi.is

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Allt efni og auglýsingar berist í Prentmet, Eyravegi 25, Selfossi, fyrir hádegi á mánudögum. Upplag: 8700 eintök. Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X
Svansmerkið, Prentgripur, 1041 0858

Vísnagátur-höf. Ármann Dalmannsson - Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Gáta vikunnar

Upp á heiðum græ ég gjarnan í góðu tómi.
Ég er falin inni í blómi
Ég er sýslumannsins ljómi.

Svar við gátu í blaði 2567: SKAUT.
1. lína: Brúðarskaut - 2. lína: Móðurskaut
3. lína: Heimskaut

Von og æðruleysi

Haraldur M. Kristjánsson

sóknarprestur í Vík

Margir kunna æðruleysisbænina sem yfirleitt er sögð vera eftir bandaríska guðfræðinginn Reinhold Niebuhr og nýta sér hana í daglegri baráttu við ófrelsi fíknar, hverju nafni sem hún nefnist. En þessi kjarnyrta bæn er í raun stórkostlegt tæki til að takast á við erfiðleika daglegs lífs, hverju nafni sem þeir nefnast. Ég veit um fjölda fólks sem nýtir sér þessa bæn í daglegri glímu sinni við ýmsar þrautir, sorg og óréttlæti. Sumt sem við upplifum er einfaldlega þannig að við getum ekki breytt því, heldur verðum með einhverjum hætti að læra að lifa með því.

Þessa dagana, þegar þriðja bylgja Covid-19 farsóttarinnar herjar á okkur, skiptir svo miklu máli að einbeita sér að öllu því sem gleður hugann, huggar daprar sálir og hjálpar okkur að eygja von. Við erum öll orðin óskaplega leið á þessu ástandi, en það er samt ekki í boði að láta þetta pirra sig úr hófi fram. Það skiptir miklu heldur máli að vera jákvæð og bjartsýn og treysta því að ástandið gangi yfir. Og það vill svo til að við vitum að einmitt þessi erfiða farsótt mun ganga yfir með tímanum eins og svo margar sömu tegundar í aldanna rás. Vísindi nútímans, með sínar stórkostlegu framfarir frá degi til dags, munu finna bóluefni til þess að vinna bug á þessum sjúkdómi, líkt og svo mörgum öðrum sem áður hafa verið sigraðir í sögu mannsins.

Nú skiptir öllu að við höfum úthald og þrek til að bíða. Enn mikilvægara er að gleyma því ekki að heilsa okkar allra er jafn dýrmæt. Það getur enginn einn, eða hópar fólks leyft sér að ganga á rétt okkar til að halda heilsu. Þess vegna þurfum við öll að gæta að eigin smitvörnum, fylgja nákvæmlega öllum reglum sem „þríeykið“ setur okkur, því þau eru sérmenntuð á þessu sviði.

Við Íslendingar höfum verið lánsöm á síðustu árum og byggt upp frábært heilbrigðiskerfi. Við höfum ekki þurft að glíma við svona alvarlega farsótt í fjölda ára og erum ekki þjökuð af stríðsástandi eða óeirðum. Við höfum áður upplifað efnahagslegar kreppur af ýmsu tagi og unnið okkur út úr þeim í orðsins fyllstu merkingu, vegna þess að okkur auðnaðist þá að standa saman og sýna hvert öðru tillitssemi og virðingu.

Ekkert er eins mikilvægt nú og sú staðreynd að við eigum öll sama rétt til lífs og lífsviðurværis. Þess vegna er svo mikilvægt að við tökumst af æðruleysi saman, á við þá erfiðu tíma sem framundan eru í vetur.

Við þurfum að hjálpast að við að stappa stálinu í atvinnurekendur og einyrkja sem sjá fram á hrun í tekjum. Styðja og styrkja öll þau sem hafa misst atvinnu eða horfa fram á tekjumissi af einhverjum ástæðum. Við gætum þurft að hjálpa til við umönnun sjúkra og bágstaddra, jafnvel þó við höfum kannski aldrei komið nálægt slíku. Sú staða getur komið upp sem við höfum aldrei ímyndað okkur að við ættum eftir að lenda í, en þarf alls ekki að þýða að við eigum að gefast upp. Nú þurfum við nefnilega að sýna sjálfum okkur og öllum sem með okkur lifa, að íslenska þjóðin hefur þróað með sér þrautseigju og þolgæði, ásamt því að hafa drukkið í sig kærleiksríkt siðferði sem gengur út á að hjálpa náunga í neyð. Við verðum að skilja ástæðu þess að loka þurfi krám og öldurhúsum, veitingastöðum og hótelum nú um stundir, því það er aðeins tímabundið. Við getum skemmt okkur saman síðar, þegar faraldurinn er yfirstaðinn.

Ef þú ert að glíma við kvíða, eða ert yfirkomin/n af þreytu vegna ástandsins, skaltu láta eftir þér að ræða við einhvern sem þú heldur að skilji þig. Í minni starfsstétt vinnur fjöldi fólks með afar góða færni og menntun á sviði sálgæslu sem gott er að tala við. Ég veit að þau eru öll af vilja gerð að hjálpa. Nýttu þér þau og öll önnur sem hafa hæfileika og færni til að láta þér líða betur þegar erfiðleikar mæta.

Elsku vinir. Með hjálpsemi, góðvild og samkennd munum við komast í gegnum erfiðleika líðandi stundar.

Þá getur verið gott að nota bænina hans Reinholds Niebuhr sem einskonar möntru. Bænin hans er lengri og þar stendur meðal annars þetta sem er líka svo frábært:

[Hjálpaðu mér] að lifa einn
dag í einu,
njóta hvers andartaks fyrir sig,
og viðurkenna mótlæti sem
friðarveg.

Þorlákskirkja

Auglýst er staða kirkjuvarðar / meðhjálpara

Umsóknarfrestur rennur út 31. október.

Um er að ræða hlutastarf við eftirlit og umsjón Þorlákskirkju, undirbúning og framkvæmd athafna í kirkju, þrif, umhirðu kirkjugarða og minniháttar viðhaldsverkefni. Kirkjuvörður / meðhjálpari heldur utan um bókanir athafna og viðburða í samvinnu við sóknarprest og annast innkaup. Starfið er mjög fjölbreytt og krefst útsjónarsemi og natni viðkomandi. Skriflegar umsóknir með upplýsingum um fyrri störf sendist til formanns sóknarnefndar, Hjörleifs Brynjólfssonar, Básahrauni 4, 815 Þorlákshöfn. Áskilinn er réttur til að umsækjendur skili inn sakavottorði með umsóknum.

Nánari upplýsingar:
Hjörleifur Brynjólfsson
sími 483 3987 · 893 2017
netf.: groa@portland.is

Dagbjört Hannesdóttir
sími 454 5895 · 693 3708
netf.: dhbokhald@gmail.com

Ás í Hveragerði

Starfsmaður óskast í matarkeyrslu og aðstoð við iðnaðarmenn í Ási Hveragerði.

Bílpróf og góð íslenskukunnátta eru skilyrði.
Um fullt starf er að ræða.

Vinsamlegast sendið umsóknir á:
mannaudur@grund.is

ÁS DVALAR- OG HJÚKRUNARHEIMILI

82% Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku*

*samkvæmt Gallup-könnun okt. – nóv. 2018

Flóaskóla vantar kennara í náttúrufræði – ert þú á lausu?

Flóaskóli

Flóaskóli auglýsir eftir kennara í náttúrufræði til afleysinga vegna forfalla skólaárið 2020 - 2021. Skólinn er staðsettur á Villingaholti í Flóahreppi, sem er í 10-15 mínútna akstursfjarlægð frá Selfossi.
Í skólanum eru 112 nemendur í 1. – 10. bekk og um 30 starfsmenn.

Í Flóaskóla leggjum við áherslu á einstaklingsmiðað nám og teymiskennslu. Við vinnum samkvæmt hugmyndafræðinni „Uppeldi til ábyrgðar“ og vinnum markvisst með samskipti og líðan nemenda. Auk þess er lögð áhersla á umhverfis- og útikennslu og er Flóaskóli þátttakandi í Grænfánaverkefninu. Við Flóaskóla starfar öflugur og metnaðarfullur hópur fólks sem vinnur samhent að því að skapa jákvætt og uppbyggjandi vinnuumhverfi, hlúa vel að nemendum og stuðla að því að þeir nái að vaxa og dafna í námi sínu.

Við leitum að kennara til afleysinga í náttúrufræði í 7. – 10. bekk, 12 kennslustundir á viku. Áhersla er lögð á þverfaglega samvinnu þar sem unnin eru þemaverkefni með samþættingu námsgreina og lykilhæfni menntunar að leiðarljósi.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Grunnskólakennari / uppeldismenntun eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi, leyfisbréf grunnskólakennara.
- Skipulögð vinnubrögð, sveigjanleiki og hæfni í samskiptum.
- Frumkvæði og vilji til að leita nýrra leiða í skólastarfi.
- Þekking á „Uppeldi til ábyrgðar“ er æskileg.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar veitir Gunnlaug Hartmannsdóttir, skólastjóri í síma 771 8342.

Umsóknarfrestur er til og með 28. október 2020,
æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu sendist á netfangið:
gunnlaug@floaskoli.is.

Óska eftir smiðum eða mjög vönum mönnum í byggingarvinnu.

Kvistfell ehf.
senda umsókn á
kvistfell@simnet.is

KVISTFELL EHF
Alhliða byggingaverktaki
Símar: 854 4628 / 894 4628 / 482 2575

Fræðslupistill frá Krabbameinsfélagi Árnessýslu í tilefni af bleikum október

Hver og einn einstaklingur tilheyrir ákveðnum hópi utan fjölskyldu sinnar. Til dæmis í vinnunni, íþróttunum, saumaklúbbnum, skólanum eða á öðrum stöðum. Í hverjum hópi myndast síðan ákveðin tengsl og kærleikur sem meðal annars kemur fram í vináttu. Þegar einhver í hópnum greinist með krabbamein er stuðningur og velvilji vina eða samstarfsfólks verulega þýðingarmikill fyrir þann sem greinist með krabbamein. Það veitir styrk að finna fyrir umhyggju, að hann hafi hlutverki að gegna, tilheyri enn sínum hópi og að hann skipti máli.

Hér eru nokkur atriði sem gott er að hafa í huga þegar einhver sem þú þekkir, greinist með krabbamein:

- Verum tilbúin að hlusta, leitast við að skilja og sýna áhuga, en þó án óþarfa hnýsni.
- Sýnum nærgætni. Sumir eiga auðvelt með að tala um veikindi sín en aðrir vilja sem minnst um þau ræða.
- Sýnum sveigjanleika og verum tilbúin að breyta skipulagi til að koma til móts við breyttar aðstæður vinnufélagans.
- Munum að það að greinast með krabbamein og fara í krabbameinsmeðferð hefur víðtæk áhrif, sem þó geta verið ólík milli einstaklinga. Meðal algengra aukaverkana eru þreyta, úthaldsleysi, einbeitingarskortur, hármissir, ógleði/uppköst, kvíði, hræðsla, reiði og sorg.
- Verum meðvituð um að líðan getur verið mjög breytileg. Algengt er að fólk í krabbameinsmeðferð eigi bæði góða daga og slæma.
- Verum meðvituð um að það getur verið mjög mikilvægt fyrir fólk sem greinst hefur með krabbamein að halda áfram að vinna eða vera í tengslum við hópinn sinn. Vinnan veitir mörgum öryggi og reglu á meðan daglegt líf getur að öðru leyti verið gerbreytt. Að halda tengslum við vinnufélaga getur uppfyllt félagslegar þarfir og dregið úr einangrun.
- Höfum í huga að mörgum þykir erfitt að biðja um aðstoð. Spyrjum beint hvort hægt sé að aðstoða og hvernig. Ef aðstoð er afþökkuð er gott að láta viðkomandi vita að boðið standi áfram.
- Verum meðvituð um að þó krabbameinsmeðferð sé lokið þá finna margir fyrir úthalds– og einbeitingarleysi löngu eftir að meðferð lýkur.

Nánari upplýsingar eða ráðgjöf má fá hjá Krabameinsfélagi Árnessýslu. Við erum á Facebook, með netfangið arnessysla@krabb.is og í síma 788 0300.

Svanhildur Ólafsdóttir,
formaður
Krabbameinsfélags Íslands.

HG TRÉSMIÐJA HEIMIS
Unubakka 3b • 815 Þorlákshöfn

Vantar menn í vinnu

– Smiði eða menn vana byggingarvinnu –
Góð verkefnastaða

Allar upplýsingar veita Heimir í
síma 892 3742 og Gestur í síma 899 5443
eða á tresmidjan@tresmidjan.is

Vantar þig aukapening?
Ertu morgunhress og dugleg(ur)?

Póstdreifing leitar að blaðberum til starfa á Selfossi. Vinna 6 daga vikunnar, frá mánudegi til laugardags, milli 6 og 7.

Sækja má um á postdreifing.is

Póst dreifing

RISAPRENTUN
A0 • A1 • A2 • VINNUTEIKNINGAR • PLAKÖT • LJÓSMYNDIR • RÚLLUSTANDAR
prentmet Oddi heildarlausnir í prentun
SÍMI 482 1944
SELFOSS@PRENTMETODDI.IS
EYRAVEGUR 25, SELFOSS

VÉLAVERKSTÆÐI AUGLÝSIR LAUS STÖRF

Launafl óskar eftir að ráða starfsmenn í fullt starf á vélaverkstæði fyrirtækisins.
Launafl er iðnfyrirtæki í Fjarðabyggð með fjölbreytta starfsemi í flestum greinum sem lúta að iðnaði.
Í fyrirtækinu er skemmtilegur starfsandi og öflugt starfsmannafélag.
Góð laun eru í boði og tækifæri til starfsþróunar.

Helstu verkefni:
- Almenn viðhaldsvinna
- Samskipti við viðskiptavini
- Nýsmíði, viðgerðir og bilanagreiningar

Hæfnis- og menntunarkröfur:
- Sveinspróf eða sambærileg menntun er kostur
- Mikil reynsla í faginu
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Almenn tölvukunnátta

Umsóknir ásamt ferilskrám skulu sendar á netfangið adda@launafl.is
Öllum umsóknum verður svarað.
Frekari upplýsingar veitir starfsmannastjóri Launafls, Adda í síma 840-7213 eða verkstjóri vélaverkstæðis johann@launafl.is

Austurland er góður búsetukostur, kynntu þér það nánar á www.austurland.is
Launafl ehf – www.launafl.is – sími 414-9400

Góð þátttaka í rafrænum íbúafundi í Rangárþingi ytra

Þann 30. september sl. fór fram „virkilega góður íbúafundur um þróun skólasvæðis á Hellu sem um 50 manns tóku þátt í“. Það var stýrihópur um þróun skólasvæðis á Hellu sem boðaði til fundarins. Fundurinn fór alfarið fram í gegnum ZOOM fjarfundabúnað. Fundinum var skipt í kynningu, hópastarf og niðurstöður. Afar innihaldsríkar umræður áttu sér stað en rætt var um þróun skólasvæðisins út frá þremur birtingarmyndum þar sem lögð var áhersla á umferð og aðkomu, skipulag bygginga og útisvæðis og svo hvaða starfsemi skuli vera innan svæðisins. Kynningin, sem farið var yfir á fundinum sem og niðurstöður hópavinnunnar, verða gerðar aðgengilegar á næstu dögum á heimasíðu Rangárþings ytra. Það er engin spurning að fleiri íbúafundir verða haldnir með þessu sniði í framtíðinni. Enn er hægt að skila inn ábendingum til stýrihópsins og er allar upplýsingar að finna á slóðinni www.ry.is/is/ibuar/skolar/throun-skolasvaedis-a-hellu.

Skógræktarfélag Selfoss stóð fyrir fræðslugöngu um Hellisskóg

Sem hluti af menningarmánuðinum stýrðu félagar úr stjórn Skógræktarfélags Selfoss göngu um Hellisskóg í blíðskaparveðri síðastliðinn laugardag. Saga og starfsemi Skógræktarfélagsins Selfoss var kynnt og uppbygging skógarins lýst frá upphafi skógræktar á svæðinu. En svæðið var afhent skógræktarfélaginu með samningi 1. október 1985 og eru því 35 ár síðan að plöntun hófst á svæðinu.

Vegna landsátaks í söfnun og dreifingu birkifræs, var sérstök áhersla lögð á söfnun, varðveisla og sáning á birkifræi kynnt og gönguföldi boðið að tína fræ í skóginum. Sveitarfélagið Árborg hvetur alla til að kynna sér þetta stórkostlega útivistarsvæði.

ATVINNA

Óskum eftir heiðarlegum og heilsuhraustum starfskrafti til almennra verslunarstarfa, um er að ræða fullt starf. Uppl. í síma 864 5712 eða 861 7475.

Verslunin Bakkinn, Eyrarbakka

Kvenfélögin í Flóa fara í áheitagöngu

Laugardaginn 24.október næst komandi kl. 10 ætla félagskonur í Kvenfélögunum í Hraungerðis- og Villingaholtshreppum að efna til áheitagöngu til styrktar Sjóðnum góða. Kvenfélagskonur ganga en óska eftir áheitum til styrktar Sjóðnum góða. Gengið verður frá Félagslundi að Þjórsárveri og þaðan í Þingborg um 22 km leið.

Áheit er hægt að leggja inn á reikning 0152-05-262213 kt. 590592-2349 Kvenfélag Hraungerðishrepps, nota „áheit“ sem skýringu. Hægt er að leggja inn á söfnunarreikning til 31. október. Framlög eru frjáls og munið að „margt smátt gerir eitt stórt“.

Sjóðurinn góði er samstarfsverkefni sóknarkirkja í Árnessýslu, Rauða krossins, félagsþjónustu Árborgar, félagsþjónustu Árnesþings og ýmissa félagasamtaka í Árnessýslu. Þetta samstarf hefur staðið síðan árið 2008 og hefur þann tilgang að veita aðstoð fyrir jólahátíðina til handa þeim sem ekki eiga fyrir nauðþurftum. Síðustu ár hefur sjóðurinn einnig verið í samstarfi við Hjálparstofnun kirkjunnar varðandi þessa aðstoð. Vonandi sjá sem flestir sér fært að styrkja þetta málefni, með fyrirfram þökkum, kvenfélögin.

Leiktæki afhent formlega á Gamla róló á Hvolsvelli

Í dag voru nýju leiktækin á Gamla róló tekin formlega í notkun og ríkti mikil kátína hjá yngstu kynslóðinni sem var spennt að prófa nýju tækin. Margrét Tryggvadóttir, formaður kvenfélagsins Einingar, færði Lilju Einarsdóttur, sveitarstjóra, formlega gjafabréf fyrir nýju leiktækjunum. Arna Þöll Bjarnadóttir las upp smá pistil frá kvenfélagskonunum um þeirra vonir og væntingar varðandi Gamla róló. Þessi leiktæki voru keypt fyrir ágóða tónleika sem Einingin hélt í október 2019 og báru nafnið *Konur og Klukkustrengir* og það sem vantaði á milli gaf félagið.

Sveitarstjóri sagði í sínum þakkarorðum að vilji er til hjá sveitarfélaginu að vinna enn frekar að uppbyggingu og viðhaldi á leikvellinum enda er Gamli róló falin perla á Hvolsvelli. Kvenfélagið hefur gert mikið fyrir leikvöllinn því árið 2016 gáfu þær bekk sem nýtist nú vel bæði foreldrum og börnum er heimsækja Gamla róló.

Komdu að vinna með okkur!

Vallaskóli - Sveitarfélaginu Árborg, íþróttakennsla

Íþróttakennara vantar í íþróttakennarateymi Vallaskóla, 100% staða.

Vallaskóli

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi með mikla hæfni í mannlegum samskiptum, góða íslenskukunnáttu og brennandi áhuga á grunnskólastarfi. Reynsla af teymisvinnu er mikilvægur eiginleiki. Viðkomandi þarf að hafa kennsluréttindi grunnskóla.

Í Vallaskóla eru yfir 640 nemendur í 1.-10. bekk og yfir 100 starfsmenn, sjá www.vallaskoli.is.

Sækja skal um starfið á starfavef Árborgar, starf.arborg.is. Nánari upplýsingar veitir Guðbjartur Ólason skólastjóri - **gudbjartur@vallaskoli.is eða í síma 480 5800**.

Umsóknarfrestur er til 27. október 2020. Ráðið verður í starfið frá og með 1. nóvember nk.
Starfið hentar jafnt körlum sem konum. Launakjör fara eftir kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Í Sveitarfélaginu Árborg búa rúmlega 10 þúsund íbúar, þar af um 2000 börn í fimm leikskólum og þremur grunnskólum. Í sveitarfélaginu er unnið að styrkingu heildstæðrar nærþjónustu við börn, foreldra og skóla. Lögð er áhersla á faglega forystu í anda lærdómssamfélagsins, snemmtæka íhlutun, samstarf skóla og stofnana um umbótastarf og þróun úrræða fyrir börn. Nánari upplýsingar um sveitarfélagið, fjölskyldusvið og Skólaþjónustu Árborgar má finna á www.arborg.is.

Laus er til umsóknar staða húsvarðar á Laugalandi í Rangárþingi ytra frá og með 1. desember

LAUGALANDSSKÓLI HOLTUM

Húsvörður
- annast húsvörslu alls húsnæðis á Laugalandi; grunnskóla, leikskóla og íþróttamannvirkja, þ.m.t. sundlaugar. Hann sinnir léttu viðhaldi og tryggir að allur búnaður virki sem skyldi og er ábyrgur fyrir ræstingu mannvirkja.
- er tengiliður stofnana við alla viðburði sem haldnir eru á Laugalandi.
- vinnur með börnum og unglingum bæði við gæslu nemenda í skóla og við íþróttaiðkanir.

Leitað er að laghentum einstaklingi sem er þægilegur í samstarfi og á auðvelt með að umgangast börn og unglinga á leik- og grunnskólaaldri.

Launakjör eru skv. samningum Foss.
Vinnutími húsvarðar er frá kl. 08:00 – 17:00 og frá 08:00 – 16:00 yfir sumarmánuðina.

Upplýsingar veitir Sigurjón Bjarnason skólastjóri í síma 487 6540 / 896 4841 og Þórhallur Svavarsson forstöðumaður íþróttamannvirkja í síma 864 5747.

Umsóknum skal skila rafrænt á laugholt@laugaland.is fyrir 27. október nk.

íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is

Andri Dagur og Sveinn Aron. Ljósmyndir: Umf. Selfoss/ÁÞG

Andri Dagur og Sveinn Aron til Selfoss

HANDBOLTI Selfoss hefur styrkt hópinn fyrir komandi átök í Olísdeildinni. Tilkynnt var í seinustu viku að Andri Dagur Ófeigsson og Sveinn Aron Sveinsson hefðu samið við Selfoss.

Vinstri skyttan Andri Dagur hefur samið við Selfoss til eins árs. Andri, sem er aðeins 21 árs gamall, kemur frá Fram, þar sem hann er uppalinn. Hann hefur verið einn besti leikmaður ungmennaliðs Fram í 2. deild undanfarin tvö ár og var m.a. valinn efnilegasti leikmaður Fram á síðasta tímabili.

Hægri hornamaðurinn Sveinn Aron er genginn í raðir Selfoss. Hann er 27 ára gamall, reynslumikill og hefur verið viðloðandi öll yngri landslið Íslands. Hann er uppalinn á Hlíðarenda en lék um skeið með Aftureldingu.

Við bjóðum Andra hjartanlega velkominn til Selfoss.

Handknattleiksdeild Selfoss býður Andra Dag og Svein Aron velkomna á Selfoss og ljóst að þeir munu verða góð viðbót í hópinn í komandi átökum í Olísdeildinni í vetur. *-esó*

Skipt um gervigras á Selfossvelli

KNATTSPYRNA Í seinustu viku hófust framkvæmdir við að skipta um gervigras á Selfossvelli. Völlurinn hefur verið afar vel nýttur síðustu fjórtán árin en kominn var tími á að skipta um gras til að tryggja öryggi iðkenda. Æfingar á nýju og öruggara grasi hefjast í nóvember.

Æfingar knattspyrnudeildar verða með óhefðbundnum hætti í október en þjálfarar hafa skipulagt mjög fjölbreyttar og skemmtilegar æfingar með áherslu á styrktarþjálfun, liðsfundi, þrekæfingar, félagslega viðburði og fótboltaæfingar á fjölbreyttum stöðum.

Allar upplýsingar um dagskrá og staðsetningar æfinga finna iðkendur og forráðamenn í Sideline-appinu. Þeir sem eru ekki með Sideline þurfa að ganga frá greiðslu æfingagjalda í gegnum skráningar- og greiðslukerfið Nóra á slóðinni selfoss.felog.is sem allra fyrst svo þeir missi ekki af tilkynningum og viðburðum.

Búið er að fjarlægja gamla gervigrasið af Selfossvelli Ljósmynd: Umf. Selfoss

Ef einhverjar spurningar vakna hvetjum við fólk til að hafa samband við Gunnar Rafn Borgþórsson, yfirþjálfara yngri flokka knattspyrnudeildar, í gegnum netfangið gunnar@umfs.is.

Stjórn HSK skorar á alla að huga vel að börnum og unglingum

Stjórn Héraðssambandsins Skarphéðins skorar á aðildarfélög sín að huga vel að börnum og unglingum á þessum óvissutímum Covid -araldurins. Það er ljóst að hann getur haft veruleg áhrif á allt íþrótta- og tómstundastarf félaganna og ekki síst nú í haust, þegar skólastarf er að hefjast og vetrarstarf félaganna. Það er ljóst að atvinnuleysi er að aukast í landinu og þá er hætta á að minna sé á milli handanna hjá mörgum fjölskyldum. Nauðsynlegt er að reyna að koma í veg fyrir að það hafi áhrif á að börn og unglingar geti ekki stundað íþróttir og annað tómstunda starf. Hvetur stjórn HSK-félögin til að taka samtal við sveitarstjórnir, hver á sínu svæði og skipuleggja markvisst eftirlit með þessu.

Ríkisstjórn Íslands hefur samþykkt að veita 600 milljónum til sveitarfélaga til að aðstoða tekjulága foreldra, til að koma í veg fyrir brottfall barna og unglinga úr íþróttum og tómstundum. Regluverk í kringum þetta er í smíðum en á meðan beið er eftir því má ekki missa sjónar á þessu markmiði að allir geti stundað íþróttir og tómstundir óháð efnahag.

Óbreyttar æfingar hjá Umf. Selfoss

UMF. SELFOSS Samkomutakmarkanir sem voru kynntar í seinustu viku hafa ekki áhrif á æfingar Umf. Selfoss sem geta farið fram með hefðbundnum hætti. Sóttvarnareglur sem heilbrigðisráðherra gaf út gilda bara á höfuðborgarsvæðinu. Því er heimilt að æfa íþróttir utan höfuðborgarsvæðisins.

Öllu mótahaldi í handbolta frestað

HANDBOLTI Vegna hertra aðgerða til að sporna við útbreiðslu Covid-19 og tilmæla sóttvarnalæknis og Almannavarna um að gert verði hlé á íþróttastarfi á höfuðborgarsvæðinu ákvað stjórn Handknattleikssambands Íslands á fundi sínum í seinustu viku að fresta mótahaldi í öllum aldursflokkum til og með 19. október, verður staðan endurmetin að þeim tíma liðnum.

Með þessari ákvörðun vill HSÍ leggja sitt á vogarskálarnar í baráttunni gegn Covid-19 og því ástandi sem er í samfélaginu. Af þessu leiðir að átta leikjum meistaraflokka hefur þegar verið frestað.

Ólympíuhlaup ÍSÍ í Vallaskóla

Ólympíuhlaup ÍSÍ hefur nú tekið við af Norræna skólahlaupinu sem hefur verið hluti af skólaíþróttum síðan 1984. Með Ólympíuhlaupi ÍSÍ er leitast við að hvetja nemendur skólanna til þess að hreyfa sig reglulega og stuðla þannig að betri heilsu og vellíðan. Hlaupið er með sama sniði og geta nemendur valið á milli vegalengdanna 2,5 km, 5 og 10 km. Nemendur Vallaskóla tóku þátt í Ólympíuhlaupinu þriðjudaginn. 8. september í fínasta veðri. Stóðu nemendur sig með mikilli prýði og hver fór á sínum hraða. Hér sjáum við vaska þriðju bekkinga á sinni leið.

Tómstundastyrkur í 50 þúsund í Grímsnes- og Grafningshreppi

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samþykkt að hækka lýðheilsu- og tómstundastyrk í 50 þúsund krónur á einstakling í sveitarfélaginu. Hækkunin tekur þegar gildi og er fyrir allt árið 2020. Grímsnes- og Grafningshreppur veitir foreldri/forráðamanni barna á aldrinum 5 – 18 ára og eldri borgurum 67 ára og eldri styrk til að stunda íþrótta-, tómstunda- og/eða menningarstarf. Meginreglan er sú að skipulagt tómstundastarf nái yfir 6 vikur samfellt. Hægt er að ráðstafa styrk til styttri námskeiða, enda uppfylli námskeiðið önnur skilyrði um styrkhæfi. Ungmenni í framhaldsskóla geta nýtt sér styrkinn til kaupa á árskortum í líkamsrækt. Allar upplýsingar um lýðheilsu- og tómstundastyrkinn má finna á heimasíðu sveitarfélagsins. Hægt er að sækja um styrkinn á heimasíðu eða á skrifstofu sveitarfélagsins.

Árans prjónaskapurinn truflar svolítið lesturinn fyrir mér

segir lestrarhesturinn Vera Ósk Valgarðsdóttir

Vera Ósk Valgarðsdóttir er alin upp í Hveragerði en fór til Frakklands strax efir stúdentspróf. Hún lauk síðar BA-prófi í frönsku og bókasafnsfræði frá Háskóla Íslands. Vera kenndi frönsku við Fjölbrautaskóla Suðurlands í 28 ár áður en hún gerðist skólastjóri á Skagaströnd og gegndi því starfi í fimm ár. Núna er hún komin á eftirlaun en kennir örlítið við Grunnskólann í Hveragerði.

Hvaða bók ertu að lesa núna?
Þessa stundina er ég að byrja á bókinni *Tíkin* eftir Pilar Quintana í þýðingu Jóns Halls Stefánssonar. Þetta er nýjasta bókin frá bókaklúbbnum Angústúru en ég fæ reglulega skemmtilegar sendingar frá þeim bókaklúbbi. Ein albesta bókin frá þeim er *Litla land* (Petit pays) eftir Gaël Faye, í snilldarþýðingu Rannveigar Sigurgeirsdóttur. Svo er ég líka með Kindle á náttborðinu hjá mér og er þessa stundina að lesa bókina *Washington Black* eftir Esi Edugyan. Mjög áhugaverð bók sem gerist á tímum þrælahalds.

En hvers konar bækur höfða helst til þín?
Eiginlega allar bækur höfða til mín. Ég les þó helst skáldsögur, bæði eftir íslenska höfunda sem erlenda, á frummáli helst, annars þýddar. Ég dett reyndar vandræðlega oft í krimma með reglulegu millibili. Sögulegar skáldsögur eru einnig í uppáhaldi eins og *Híbýli vindanna* og *Lífsins tré* eftir Böðvar Guðmundsson. Svo má ekki gleyma ævisögunum en af þeim held ég mikið upp á bækurnar *Úr ævi og starfi íslenskra kvenna* eftir Björgu Einarsdóttur.

Ertu alin upp við bóklestur?
Ég las mikið sem barn. Markmiðið var að fá að minnsta kosti tíu bækur í jólagjöf. Ég gleymi aldrei þegar ég fór í sveit og uppgötvaði þar á fyrsta degi skáp í kjallaranum sem var fullur af bókum sem ég hafði ekki lesið. Mér leiddist ekkert í sveitinni það sumarið. Sem krakki voru uppáhaldsbækurnar mínar meðal annars allar *Ævintýrabækurnar* eftir Enid Blyton. Síðar á lífsleiðinni átti ég eftir að uppgötva bækur Astridar Lindgrens *Bróðir minn Ljónshjarta* og *Ronja ræningjadóttir* að ég tali nú ekki um allar *Harry Potter* bækurnar.

En hvernig myndir þú lýsa lestrarvenjum þínum?
Árans prjónaskapurinn truflar svolítið lesturinn fyrir mér en mér finnst gott að lesa á kvöldin bækur af Kindlinum mínum og er þar með margar góðar í takinu skal ég segja þér. Ég er alltaf með einhverja bók á kantinum bæði í hefðbundnu bókarformi sem og í Kindle. Hljóðbækur hafa ekki heillað mig sérstaklega enn sem komið er.

Áttu þér einhvern uppáhaldshöfund?
Vá! Erfið spurning! Ég skipti stöðugt um skoðun þegar kemur að uppáhalds einhverju. Núna í augnablikinu er það Roy Jacobsen. Ég bíð óþreyjufull eftir þriðju bókinni í trílógíunni um Ingrid Barroy. Fyrstu tvær heita *Hin ósýnilegu* og *Hvítt haf*. Dásamlegar bækur. Ég get ekki gert upp á milli íslenskra höfunda.

En hefur bók einhverntímann rænt þig svefni?
Já, já, já. Oft. Hver getur farið að sofa frá góðum krimma?

En að lokum Vera, hvernig sögur myndir þú skrifa ef þú værir skáld?
Ég yrði nú alveg dæmalaust lélegur rithöfundur. Ég vildi óska að ég gæti ort falleg ljóð. Nú bíð ég spennt eftir ljóðabók vinkonu minnar, Þórhildar Ólafsdóttur, *Brot úr spegilflísum* sem kemur út núna í haust hjá litlu bókaforlagi á Hvammstanga. Hlakka mikið til að fá þá bók í hendur.

Hansdætur

Bókin Hansdætur eftir rithöfundinn Bennýju Sif Ísleifsdóttur er komin út. Benný Sif Ísleifsdóttir hefur skrifað fyrir bæði börn og fullorðna en Hansdætur er önnur skáldsaga hennar. Hansdætur er áhrifamikil örlagasaga úr íslenskum veruleika. Við sögu koma harðgerðar konur, viðkvæmar sálir, andans menn, óreiðufólk af ýmsu tagi, draumar og þrár, sorgir og sigrar.

„Sumt fólk skilur ekkert nema kindur og fisk, líklega skilja Íslendingar ekkert nema kindur og fisk, sérstaklega ekki karlmenn.“

Í vestfirsku sjávarplássi í byrjun tuttugustu aldar gengur hver til sinna verka og nær óhugsandi er að rjúfa mörk stéttar og stöðu. Kona sem á þrjú börn með þremur mönnum á sér ekki viðreisnar von en dóttir hennar Gratíana þráir breytta tíma og betra líf. Hún hafnar þeim kvöðum sem hvíla á kvenfólki, hún vill ganga í buxum, frekar sulla í víni en vatni, og hún vill að Sella fái að syngja og Rannveig að ganga í skóla.

Teymisstjórar hjá félagsþjónustu

Sveitarfélagið ÁRBORG

Leitað er að áhugasömum og metnaðarfullum einstaklingum til að taka þátt í mikilvægum félagsþjónustuverkefnum og í umbóta- og þróunarverkefnum á fjölskyldusviði Árborgar. Í sveitarfélaginu, þar sem búa rúmlega 10 þúsund manns, er lögð áhersla á þverfaglegt samstarf og framsækið starf í velferðar-, frístunda- og skólaþjónustu. Fjölskyldusvið sinnir fjölbreyttri þverfaglegri þjónustu við íbúa Árborgar með snemmtækan stuðning að leiðarljósi.

Um er að ræða tvær nýjar teymisstjórastöður, annars vegar til að leiða barnaverndarstarf og hins vegar til að leiða ráðgjafarstarf félagsþjónustu í samvinnu við deildarstjóra. Ráðið verður í stöðurnar frá og með 1. desember nk. eða eftir samkomulagi.

Teymisstjóri barnaverndar

Helstu verkefni
- Ábyrgð á faglegu starfi og skipulagi barnaverndarteymis
- Fagleg yfirumsjón með barnaverndarteymi
- Fagleg yfirumsjón með vinnslu mála skv. ákvæðum barnaverndarlaga
- Leiðbeinir starfsfólki barnaverndar og veitir því ráðgjöf
- Þátttaka í stefnumótunarvinnu og umbótastarfi
- Ábyrgð og þátttaka í mótun verkferla, skýrslugerð og gerð starfsáætlana
- Samstarf við aðrar deildir og starfseiningar fjölskyldusviðs

Menntun- og færnikröfur
- Háskólamenntun á sviði félags- eða heilbrigðisvísinda, s.s. félagsráðgjöf til starfsréttinda
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi kostur
- Reynsla og þekking á sviði barnaverndar nauðsynleg
- Reynsla af stjórnun er mikill kostur
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og leiðtogahæfileikar
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og á ensku

Teymisstjóri ráðgjafateymis

Helstu verkefni
- Ábyrgð á faglegu starfi og skipulagi teymis v/félagslegrar ráðgjafar
- Fagleg yfirumsjón með ráðgjafateymi og vinnslu mála
- Leiðbeinir starfsfólki félagsþjónustu og veitir því ráðgjöf
- Þátttaka í umbótastarfi út frá stefnu sveitarfélagsins og félagsþjónustulögum
- Samstarf við aðrar deildir og starfseiningar fjölskyldusviðs

Menntunar- og færnikröfur
- Háskólamenntun á sviði félags- eða heilbrigðisvísinda, s.s. félagsráðgjöf til starfsréttinda
- Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi kostur
- Reynsla og þekking á meginverkefnum félagsþjónustu nauðsynleg
- Reynsla af stjórnun er mikill kostur
- Framúrskarandi lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og leiðtogahæfileikar
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku

Frekari upplýsingar um störfin
Nánari upplýsingar um störfin veitir Heiða Ösp Kristjánsdóttir, deildarstjóri félagsþjónustu, heidaosp@arborg.is, sími 480 1900. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspegli fjölbreytileika samfélagsins.

Umsóknarfrestur er til og með 25. október

Með umsóknum fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf, kynningarbréf, rökstuðningur fyrir hæfni í starfið og framtíðarsýn umsækjanda varðandi þróun velferðarþjónustu hjá sveitarfélögum. Umsókn ásamt fylgigögnum skal skila í gegnum ráðningarvef sveitarfélagsins starf.arborg.is.

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl.11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 10:30-11:30 Sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 Fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 17:30 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

TIL LEIGU

Húsnæði til leigu
Til leigu er húsnæði á Austurveginum á móti Landsbankanum áður Fjallkonan (Selfossi). Hentar fyrir ýmsa starfsemi. Uppl. í síma 864 1275.

BÍLAR

KLETTUR ehf
Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskoðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.
Hjólastillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069
HEKLA

AB SKÁLINN
Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777
Yfirbyggingar – Réttingar
Bílamálun – Rúðuskipti

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
Daglegar ferðir
SELFOSS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL
Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is
Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.
Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is
Bókhald - ráðgjöf skattskil
Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki
Persónuleg þjónusta

HEILSA

Nudd – Svæðanudd
Dáleiðsla
Augnlestur og heilsuráðgjöf
Einföld en áhrifarík ráð við ýmsum heilsuvandamálum
Alla fimmtudaga í Heilsulindinni Miðgarði, Austurvegi 4, Selfossi.
Heiðar Ragnarsson
Sími 898 1501

Energy Touch
- Nudd
- Heildræn meðhöndlun
Áttund
Jákvæðar hugsanir breyta deginum

Ragnhildur Sigurðardóttir farsími 693 2197
Cand.mag. í íþróttafræðum, nálastungur, yoga, NLP-master/coach, nuddmeistari, Hugræn atferlismeðferð, meta medicine.

Menningarsalur Suðurlands kominn á skrið

Loksins, loksins! Eftir þrotlausan barning í ár og áratugi, þar sem íbúar, bæjarfulltrúar og aðrir stjórnmálamenn hafa haldið málum vakandi, hefur loks árangur náðst. Undirbúningsvinna við Menningarsal Suðurlands er nú komin á svo gott skrið að loksins sést til lands.

Á árinu 2020 lagði ríkisvaldið fram fimm milljónir og Sveitarfélagið Árborg sömu upphæð á móti til að hefja undirbúning. Í kjölfarið ákvað bæjarstjórn að stofna starfshóp, með aðkomu mennta- og menningarmálaráðuneytisins, til að vinna menningarsalnum framgang og halda uppi fullum þrýstingi á að hann raungerðist. Svo fast hefur málinu verið fylgt eftir að nú liggur fyrir Alþingi til afgreiðslu fjárlagafrumvarp sem tryggir verkefninu 280 milljóna framlag frá ríkinu á næstu tveim árum. Bæjarstjórn mun að sjálfsögðu tryggja mótframlag og hefur áður ályktað í þá veru.

Í lok sumars skipaði bæjarstjórn formlega byggingarnefnd um verkefnið og sendi með því skýr skilaboð um að verkið skyldi komast í framkvæmd sem allra fyrst. Byggingarnefndin hóf störf í ágúst síðastliðnum. Nefndina skipa, frá Sveitarfélaginu Árborg Guðbjörg Jónsdóttir, formaður, Kjartan Björnsson og Tómas Ellert Tómasson og frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu Baldur Þórir Guðmundsson. Auk þess starfa með nefndinni Bragi Bjarnason og Atli Marel Vokes, starfsmenn sveitarfélagsins. Samið hefur verið við Verkfræðistofuna Verkís um að Ari Guðmundsson, verkfræðingur leiði undirbúningsferlið.

Vinna við þarfagreiningu og undirbúning komandi framkvæmda stendur nú yfir á vegum byggingarnefndarinnar. Í dag samanstendur menningarsalurinn af stóru sviði, kjallara og sal fyrir um 300 sæti. Mikilvægt er að þarfagreiningin nái til allra hagaðila svo öll sjónarmið komist á framfæri og salurinn fullnægi kröfum mismunandi notenda. Til að tryggja aðkomu sem flestra hefur byggingarnefndin auglýst eftir að hagsmunaaðilar bjóði sig fram til samstarfs. Þeir eru hvattir til að koma að þessu mikilvæga verkefni sem leggja mun grunninn að hönnun og útfærslu menningarsalarins.

Menningarsalurinn er mjög sértækt verkefni og þarf að huga að mörgum þáttum. Taka þarf tillit til reglugerðabreytinga, viðbygginga og breytinga sem gerðar hafa verið á húsnæði hótelsins á þeim áratugum sem salurinn hefur staðið óhreyfður og falinn inn í miðju hótelsins. Við hönnun salarins þarf að taka tillit til þess að flest stoðrými eru staðsett í hótelinu og því verður verkefnið unnið náið með öðrum eigendum húsnæðisins. Viljayfirlýsing um mikilvægi þess samstarfs var gerð milli allra eigenda hússins á haustdögum.

Það er von okkar í byggingarnefndinni að gott samstarf verði við Sunnlendinga allstaðar á landinu um að láta langþráðan draum rætast, sem var fjarlægur en er nú að verða að veruleika. Með tilkomu Menningarsalar Suðurlands verður hægt að hlúa betur að lista- og menningarmálum, en gert er í dag. Við viljum einnig koma fram þökkum til fjárlaganefndar Alþingis fyrir þeirra stuðning og hvetjum hana um leið til að tryggja að verkefnið verði fest í komandi fjárlög.

Byggingarnefnd Menningarsalar Suðurlands,
Guðbjörg Jónsdóttir,
Kjartan Björnsson,
Tómas Ellert Tómasson

KIRKJUR

Skálholtsdómkirkja
Helgistund og aðalsafnaðarfundur Skálholtssóknar verða í kirkjunni sunnudag kl. 14.00.

Aðventistar
Laugardaginn 17. okt. 2020 verður lokað í safnaðarheimili aðventista á Eyravegi 67. Hægt er að fylgjast með á Youtube og velja Adventkirkjan, þar byrjar samkoma kl. 11 og guðsþjónusta kl. 12.

TAPAÐ/FUNDIÐ

Hlaupahjól
Við Baugstjörn 34 hefur hlaupahjól staðið óhreyft um nokkurra vikna skeið. Það er blátt að lit, vel með farið og nýlegt að sjá. Eigandinn getur vitjað þess þar.

TIL SÖLU

Nagladekk til sölu
4 stk. ónotuð nagladekk. Stærð 235/65 x 17. Verð 25.000 kr. Uppl. í síma 893 3837.

Þvottavél til sölu
Lítið notuð Samsung-þvottavél. Verð 25.000 kr. Uppl. í síma 893 3837.

MENNINGARSALUR SUÐURLANDS

Ósk um samstarf

Byggingarnefnd Menningarsalar Suðurlands á Selfossi, óskar eftir samstarfi við hagaðila á Suðurlandi sem sjá fyrir sér að nýta salinn í framtíðinni. Hér er átt við forsvarsmenn leikfélaga, tónlistarfélaga, skóla, sveitarfélaga auk annarra hagsmunahópa.

Tilgangurinn er að sjónarmið þessara aðila komi fram og geti orðið innlegg í mótun og áherslum við þarfagreiningu og hönnun salarins.

Hagaðilar eru vinsamlegast beðnir að setja sig í samband við Braga Bjarnason, deildarstjóra frístunda- og menningardeildar Sveitarfélagsins Árborgar með tölvupósti á bragi@arborg.is eða í síma 480 1900.

Lokafrestur er gefinn til 28. október 2020.

Byggingarnefnd Menningarsalar Suðurlands

Þroskaþjálfi óskast

LAUGALANDSSKÓLI HOLTUM

Óskum eftir að ráða þroskaþjálfa í 60- 80% stöðugildi við Laugalandsskóla í Holtum, Rangárþingi ytra frá áramótum 2020-2021.

Vinnur að uppeldi og menntun barna með sérþarfir í samvinnu við sérkennslustjóra.

Menntun og hæfniskröfur:
Háskólamenntun á sviði þroskaþjálfunar og starfsleyfi sem slíkur, reynsla af teymisvinnu og sambærilegum störfum æskileg.

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við Þroskaþjálfunarfélag Íslands.

Laugalandsskóli er í um 100 km fjarlægð frá Reykjavík. Húsnæði á staðnum.

Umsóknarfrestur er til 26. október nk.

Veffang: http://www.laugaland.is
Netfang: laugholt@laugaland.is

Upplýsingar veitir skólastjóri í vs. 487 6540 og gsm. 896 4841. og aðstoðarskólastjóri vs. 487 6544.

82%

Sunnlendinga lesa Dagskrána í hverri viku



DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

*samkvæmt Gallup-könnun okt.-nóv. 2018.

Auglýsing um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg

Sveitarfélagið ÁRBORG

Aðalskipulagsmál
Samkvæmt 1. mgr. 30. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt eftirfarandi skipulagslýsing:

Þétting íbúðabyggðar á Selfossi – Aðalskipulagsbreyting.
Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar kynnir hér með lýsingu á fyrirhugaðri breytingu á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Í breytingunni er gert ráð fyrir að um 0,6 ha. af opnum svæðum innan þéttbýlissvæðis Selfoss verði breytt í íbúðarsvæði og íbúðum fjölgað um allt að 20. Byggðamynstur og þéttleiki verði í samræmi við núverandi byggð.

Deiliskipulagsmál
Samkvæmt 3. mgr. 40. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt eftirfarandi skipulagslýsing:

Hjalladæl á Eyrarbakka – Deiliskipulag.
Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar kynnir hér með lýsingu vegna deiliskipulags fyrir Hjalladæl á Eyrarbakka, sem tekur til 6,2 ha. svæðis norðan við Túngötu í framhaldi af Hjalladæl til vesturs og austurs. Fyrir á skipulagssvæðinu eru 25 hús. Áætlað er að bæta við allt að 38 íbúðum á 16 par- og raðhúsalóðum.

Samkvæmt 4. mgr 40. gr Skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Víkurheiði – Deiliskipulagsbreyting
Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar auglýsir hér með tillögu að breytingu á deiliskipulagi Víkurheiðar á Selfossi. Tillagan tekur til 6 lóða á gildandi skipulagi. Lóðum fjölgar og verða alls 15. Markmið breytingarinnar er að auka framboð atvinnulóða af ýmsum stærðum og auka nýtingu svæðisins.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi, á skrifstofutíma frá 8-12 og 12:30-15. Einnig eru gögnin aðgengileg á vefsíðu Árborgar.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir eða gefa ábendingar við tillögurnar. Skipulagslýsingar eru í kynningu frá 14.10.2020 til og með 4.11.2020. Athugasemdir og ábendingar berist innan þess tíma. Deiliskipulagstillaga er auglýst með athugasemdafresti frá 14.10.2020 til og með 25.11.2020.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Austurvegi 67, Selfossi, eða á netfangið skipulag@arborg.is.

Sigurður Andrés Þorvarðarson,
skipulagsfulltrúi Sveitarfélagsins Árborgar.

Prettán rétta jólaævintýri

— ÞJÓNAÐ TIL BORDS —

Jólaseðill
10.900 kr.
á mann

Jólaseðill og gisting
frá 24.950 kr.
á mann

Hotel Rangá

Verður í boði frá og með 27. nóvember.
Borðapantanir og frekari upplýsingar í síma 487 5700 eða á hotelranga@hotelranga.is

Jólaseðill

Jólaglögg

Rjómalöguð kantarellu sveppasúpa, kartöflubrauð, hvítar trufflur

Marineruð síld með chili og mangó, heimalagað rúgbrauð

Grafinn lax með dill og kanil eplum

Kaffigrafin bleikja, súrmjólkurmulningur

Heitreyktur lax, fennel sesam salat, piparrót

Hreindýrapaté, portvínsgel

Heitreykt gæsabringa, gljáðar möndlur, hvítsúkkulaði, hindber

Hangikjötstartar, rauðrófa, mascarpone

Saltfiskur, jarðskokkar, brúnað smjör

Val á milli; Gljáður kalkúnn, nautalund úr héraði eða purusteik
Meðlæti; sætkartöflumús, rauðkál, ostrusveppir, madeirasósa

Jóla crème brûlée

Súkkulaðiostakaka

Ostaplatti

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
2568 Miðvikudagur 14. október 2020

Nytjamarkaðurinn á krossgötum

Það er farið að þrengja um húsnæðismál hjá Nytjamarkaðnum á Selfossi en til stendur að rífa húsið á nýju ári samkvæmt heimildum blaðsins. Markaðurinn er ekki kominn með annað húsnæði og kemur því til með að verða á ákveðnum hrakhólum með starfsemi sína innan tíðar. Markaðurinn var settur á stofn 1. desember 2008 og hefur starfað óslitið síðan. Þó ekki alltaf á sama stað, en hann var til að mynda í Kjarnanum á Selfossi í upphafi. Við hittum Dagnýju Dögg Sigurðardóttur markaðsstjóra og spurðum út í málefni Nytjamarkaðarins.

Umhverfislegur ávinningur af starfseminni

„Þetta er rétt. Við erum komin í smávægileg húsnæðisvandræði. Við stefnum auðvitað á að leysa það og halda starfseminni áfram en það er ekki mikið um laust húsnæði sem hentar fyrir okkar starfsemi á Selfossi í dag. Það væri missir af þessu verkefni frá mörgum sjónarhornum,“ segir Dagný. Innt nánar eftir því hvað hún meini segir Dagný: „Nytjamarkaðurinn hefur í gegnum árin safnað fjármunum sem hafa farið í það að aðstoða með ýmis góðgerðarmálefni, bæði hér í heimabyggð og erlendis. Svo má nefna að við stuðlum að endurnotkun þeirra muna sem koma inn til okkar og gefum þeim framhaldslíf í stað þess að þeim sé hent. Þannig drögum við verulega úr sóun í samfélaginu okkar. Þessa muni má svo fá fyrir mun lægra verð en gengur og gerist. Þannig komum við til móts við þá sem kjósa að kaupa notað og við getum á móti látið fjármuni af hendi rakna í ýmis góð samfélagsleg verkefni“.

Óska eftir húsnæði fyrir markaðinn

Þegar við spyrjum hvort komið sé að leikslokum með Nytjamarkaðinn segir Dagný svo ekki vera. „Nei, ég vil nú ekki vera svo svartsýn. Við auðvitað erum að leita að húsnæði sem við getum flutt í og haldið starfseminni áfram. Hjá okkur er mikill vilji til þess að halda áfram og við finnum að það er mikill vilji hjá samfélaginu öllu að hafa svona starfsemi. Við finnum fyrir miklu þakklæti fyrir markaðinn og allt sem hann stendur fyrir. Markaðurinn hefur víðtæk áhrif eins og ég nefndi áðan og það er mikilvægur hlekkur í samfélaginu að eiga svona markað. Bæði umhverfislega og svo þessi samfélagslegi ávinningur sem hlýst af þeim fjármunum sem við getum komið áfram til góðra verka.“ Við þökkum Dagnýju fyrir spjallið og vonum að Nytjamarkaðurinn haldi áfram á nýjum og góðum stað. -gpp

Það eru æði misjöfn störfin sem koma í hlut lögreglunnar á Suðurlandi. Það var athugull vegfarandi sem kom auga á fálka við Suðurstrandarveg. Eitthvað virtist ama að fálkanum sem var komið í hendur lögreglu. Lögregla kallaði til sérfræðing frá Náttúrufræðistofnun sem hefur komið fálkanum í öruggt skjól til frekari meðhöndlunar. Þess má geta að fálkar eru alfriðaðir og njóta jafnframt aukinnar verndar.

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIÐI 9, SELFOSSI - SÍMI 464 9400 - WWW.FROST.IS

Fæst hjá
BYKO Selfossi

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápaviðgerðir - Almennar raflagnir

VÉLSMIÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

HREINGERNINGA-
þjónusta Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steinteppahreinsun, teppahreinsun, bón, gluggahreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

Hjólbarðaþjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Smurþjónusta
Betri vörur - betra verð

Tækniþjónusta Suðurlands ehf.
Selfossi
Sjónvarpskerfi
fyrir hótel og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkerfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson
sími 694 4922
Vilmundur Sigurðsson
sími 779 6777

DFS.IS
FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
Hafðu samband
Sími 482 1944 - dfs@dfs.is

Réttingar og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
☎ 480 8020

Jiiibbiii
Siggaferðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Fjöruborðið
30% afsláttur
ef þú sækir
S. 483 1550

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bílverk BÁ
- þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

FYLGD
Útfararþjónusta

Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 ☎ 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími
25 ára

NÝTT
Vinnuvélanámskeið á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is